

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

- Að eitt bifreiðastæði við Karfavog 29 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
- Að eitt bifreiðastæði við Ljósheima 2-6 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða einstaklinga.
- Að eitt bifreiðastæði við Grettisgötu 56A verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
- Að þrjú bifreiðastæði við Bjarkargötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum norðan megin í Stórhöfða milli Höfðabakka og Svarthöfða.
- Að bifreiðastæði við Skálagerði 9 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
- Að gönguþverun yfir Selmúla við gatnamót Síðumúla verði merkt sem gangbraut.
- Að gönguþverun yfir Síðumúla við gatnamót Selmúla verði merkt sem gangbraut.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 6. nóvember 2024.

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,

Jóhanna Guðjónsdóttir lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 20. nóvember 2024